

Kennarar: Anna Lára Friðriksdóttir, Anna Soffía Reynisdóttir og María D. Halldórsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í stærðfræði eru að meðaltali 6 kennslustundir í viku.

- Sproti 2a og 2b, nemendabók og æfingahefti.
- Stærðfræðispæjarar 1.
- Evolytes - Ævintýrið byrjar og Vinir í vanda, kennslubækur og stærðfræðileikur í Ipad.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Meginmarkmið stærðfræðináms er að gera nemendur færa um að nota stærðfræði sem hagnýtt verkfæri í daglegu lífi, námi og starfi. Stærðfræði er skapandi grein sem eflir röksemdarfærslu og gagnrýna hugsun, hvort sem um ræðir fjármál, tækni eða skilning á kerfum náttúrunnar. Lögð er áhersla á að nemendur þrói með sér trú á eigin getu og læri að miðla lausnum sínum í samvinnu við aðra.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Sproti 2a nemendabók og æfingahefti:

- Tölurnar 0-20, samlagning og frádráttur með tölum upp í 20, tölfræði, lengdarmælingar, tölur upp í 100, samlagning og frádráttur, tími.

Sproti 2b nemendabók og æfingahefti:

- Samhverfa, tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur, reikningur með tölum upp í 100, flatarmál, reikningur, marghyrningur og hringir, rúmfræðiform.

Stærðfræðispæjarar 1

- Tölur, rúmfræði – form, reikningur, mælingar, tölfræði og hnitakerfi.

Evolytes, kennslubók: Ævintýrið byrjar og stærðfræðileikur í Ipad

- Talning 1-100, samlagning 1-10, frádráttur 1-10, mynstur, týndar tölur, tugir 10-100, form.

Evolytes, kennslubók: Vinir í vanda og stærðfræðileikur í Ipad

- Stórar tölur, samlagning 11-999, færa yfir, stærðir, færa hundruð yfir, dulmálslyklar, frádráttur 11-999, taka til láns, taka hundruð til láns.

Gögn: tölukubbar, talnagrindur, peningar, speglar, klukka, bréfastemmur, teningar, reglustikur, rúðstríkuð stílabók.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

- Töflukennsla með innlögn.
- Samræður.
- Sjálfstæð vinna nemenda við lausn verkefna.
- Samvinna (námsfélagar).
- Leikir og spil.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

- Vinna í kennslutímum.
- Skil á heimavinnu.
- Sproti: kaflapróf, miðsvetrarpróf og vorpróf.
- Evolytes: kennari fylgist með framvindu nemenda í gegnum innri vef Evolytes.

Framvinda nemenda í stærðfræði er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Matið er símat, gert jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá styðjandi endurgjöf þegar námsefnið er þeim enn í fersku minni. Námsmat birtist nemendum á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldraviðtölum.

Viðmið úr námskrá

Að nemandi geti meðal annars:

- notað stærðfræðileg tákni s.s. +, - og =,
- notað tölur og einfalda útreikninga til að rökstyðja niðurstöður,
- lesið og skilið einföld orðadæmi í stærðfræði,
- notað áþreifanlega hluti eins og kubba, talnagrindur og kennslupeninga
- safnað gögnum, flokkað þau og sýnt niðurstöður þeirra í súluritum og lesið úr einföldum töflum og súluritum,
- lýst og haldið áfram með talnamynstur,
- þekkt og notað íslenskar myntir upp í 100 kr.

Ítarlegri námsmarkmið má sjá á Mentor <https://www.infomentor.is/>